

Heilbrigðisráðuneytið,  
Skógarhlíð 6,  
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2019

### **Efni: Umsögn stjórnar SVP um drög að frumvarpi til lyfjalaga**

Stjórn SVP hefur yfirfarið drög að frumvarpi til nýrra lyfjalaga sem lögð hafa verið fram til kynningar á samráðsgátt stjórnvalda. Óhætt er að fullyrða að fyrir löngu er orðið tímabært að taka lyfjalögin til endurskoðunar, enda eru þau að stofni til aldarfjórðungs gömul. Á þeim tíma sem liðinn er hefur hefur allt umhverfi lyfjamála tekið stórstígum breytingum og bera löginn þess mjög merki að vera komin til ára sinna.

Stjórn SVP hafði búist við að í frumvarpsdrögnum gætti meiri framsýni en raun ber vitni og að ýmis ákvæði er varða viðskipti með lyf yrðu færð meira í átt til nútíma viðskiptahátta. Þar á stjórn samtakanna sérstaklega við þær miklu takmarkanir sem áfram er viðhaldið á viðskiptum með lausasölulyf. Samkvæmt 33. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ákvæði um sölu þessara lyfja verði óbreytt frá því sem nú er, þ.e. að einungis verði heimilað að selja minnstu pakkningar og minnstu styrkleika nikótínlyfja og flúorlyfja sem ekki eru ávísunarskyld, í almennum verslunum.

Það er skoðun stjórnar SVP, að umgjörð um sölu á lausasölulyfjum ætti að vera með svipuðum hætti hérlendis og á hinum Norðurlöndunum, þ.e. að smásöluverslun (matvöruverslanir, þægindaverslanir og bensínstöðvar) geti boðið upp á sömu pakkningastærðir á lausasölulyfjum og þar. Með því móti eykst samkeppni á markaðnum og þjónustustig hækkar verulega, ekki síst á landsbyggðinni.

Í þessu sambandi vill stjórn SVP vekja athygli ráðuneytisins á því á hinum Norðurlöndunum, nema Finnlandi, hafa viðskipti með lausasölulyf í almennum verslunum verið heimiluð. Hingað til hafa nær allar fyrirmyndir á sviði lyfjamála

verið sóttar til hinna Norðurlandanna, en á meðfylgjandi töflu má sjá hinn norræna samanburð að því er varðar viðskipti með lausasölulyf.

Land	Sjálfval í apótekum	Sjálfval í almennum verslunum	Almennar verslanir
Ísland	Nei	Nei	Já*
Danmörk	Já	Já	Já
Finnland	Já	Nei	Já**
Noregur	Já	Já	Já
Svíþjóð	Já	Já	Já

\* Miklar takmarkanir - aðeins minnsta pakkning og lægsti styrkleiki af nikótínlyfjum

\*\* Aðeins nikótínlyf án takmarkana

Samtök verslunar og þjónustu berjast fyrir því að viðskiptafrelsi ríki á sem flestum sviðum. Það er í því ljósi sem stjórnin telur skjóta skökku við að á sama tíma og almennum verslunum er heimilað að selja tóbak, er þeim bannað að selja nikótínlyf sem ekki eru ávísunarskyld, án tillits til pakkningastærða eða styrkleika. Stjórn SVP telur því að það þurfi að liggja fyrir skýr efnisleg rök fyrir því að áfram verði viðhaldið þeim takmörkunum sem gilda um sölu lausasölulyfja. Stjórn samtakanna leggja því til að horfið verið frá þeim takmörkunum sem frumvarpsdrögin gera ráð fyrir að áfram gildi í viðskipum með lausasölulyf og að viðskipti með þau verði færð í sama horf og gildir í flestum þeirra landa sem við að jafnaði berum okkur saman við.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar SVP



Jón Ólafur Halldórsson, formaður